

## TILSKIPUN RÁÐSINS 92/42/EBE

frá 21. maí 1992

## um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ákvörðun 91/565/EBE <sup>(4)</sup> er kveðið á um að sem liður í SAVE-áætluninni verði hvatt til bættrar orkunýtingar innan bandalagsins.

Mikilvægt er að greiða fyrir ráðstöfunum sem miða að því að koma smám saman á hinum innri markaði á tímabilinu fram til 31. desember 1992. Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Í ályktun ráðsins frá 15. janúar 1985 um umbætur á orkusparnaðaráætlunum í aðildarríkjunum <sup>(5)</sup> eru aðildarríkin hvött til að leggja áherslu á og ef þörf krefur knýja fastar á um skynsamlegri orkunotkun með því að stuðla að framþróun sameinaðrar stefnu í orkusparnaði.

Ályktun ráðsins frá 16. september 1986 fjallar um ný markmið bandalagsins í orkumálum til ársins 1995 og um samhæfingu á stefnumiðum aðildarríkjanna <sup>(6)</sup>, einkum markmiðinu að bæta orkunýtingu um að minnsta kosti 20%.

Í 130. gr. r í sáttmálanum er kveðið á um að aðgerðir bandalagsins á sviði umhverfismála skuli meðal annars hafa það að markmiði að tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi.

Rétt er að gera ráð fyrir mjög mikilli vernd í tillögum um samræmingu ákvæða sem sett eru í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um heilsuvernd, öryggismál, umhverfisvernd og neytendavernd.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 292, 22. 11. 1990, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 129, 20. 5. 1991, bls. 97 og Stjtið. EB nr. C 94, 13. 4. 1992.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 102, 18. 4. 1991, bls. 46.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 307, 8. 11. 1991, bls. 34.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. C 20, 22. 1. 1985, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. C 241, 25. 9. 1986, bls. 1.

Í ályktun ráðsins frá 21. júní 1989 er því lýst yfir „að bandalagið skuli taka tilhlýðilegt tillit til hugsanlegra veðurfarsbreytinga sem tengjast gróðurhúsaáhrifum“ <sup>(7)</sup> og í niðurstöðu ráðsins frá 29. október 1990 segir að árið 2000 eigi losun CO<sub>2</sub> að hafa náð jafnvægi á því stigi sem hún var árið 1990.

Heimilin og þjónustufyrirtæki eru ábyrg fyrir verulegum hluta orkunotkunar innan bandalagsins.

Mikilvægi þessara aðila á eftir að aukast enn frekar við það að miðstöðvarhitun eykst og kröfur um hita í hífýlum einnig.

Aukin orkunýtni heitavatnskatla er til hagsbóta fyrir neytendur. Orkusparnaður verður til þess að minna er flutt inn af kolvatnsefnum en ella. Verði bandalagið minna háð utanaðkomandi aðilum um orkuöflun mun það leiða til hagstæðari viðskiptajöfnuðar.

Tilskipun ráðsins 78/170/EBE frá 13. febrúar 1978 um hæfni tækja til upphitunar húsnæðis og heits vatns í nýjum eða eldri byggingum, sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar, og um einangrun hita- og neysluvatnskerfa í nýjum byggingum sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar <sup>(8)</sup>, hefur leitt til þess að gerðar eru mjög mismunandi kröfur um orkunýtni frá einu aðildarríki til annars.

Kröfur um mikla orkunýtni heitavatnskatla munu minnka muninn á tæknilegum eiginleikum þess búnaðar sem boðinn er til sölu en það auðveldar fjöldaframleiðslu og leiðir af sér magnhagkvæmni. Með stofnun hins innri markaðar getur sú staða komið upp að orkunýtni hitunarbúnaðar minnkar með tilkomu katla með lélega orkunýtni vegna þess að ekki eru gerðar nógu miklar kröfur í reglum um orkunýtingu.

Staðbundið veðurfar er mjög mismunandi innan bandalagsins og hið sama má segja um orkuþörf í byggingum miðað við notkun þeirra. Í aðildarríkjunum verður að hafa þennan fjölbreytileika til hliðsjónar þegar sett eru skilyrði, í samræmi við tilskipun þessa, fyrir því að taka megí heitavatnskatla í notkun. Með hliðsjón af þessum aðstæðum verður að telja réttlætunlegt að í aðildarríkjum þar sem svokallaðir

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. C 183, 20. 7. 1989, bls. 4.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB nr. L 52, 23. 2. 1978, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 82/885/EBE (Stjtið. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 19).

bakhitakatlar og katlar til notkunar inni í húbýlum manna eru víða í notkun þegar tilskipun þessi er samþykkt verði áfram heimilt að setja slíka katla á markað og taka þá í notkun, með ákveðnum skilyrðum þó. Framkvæmdastjórnin fylgist sérstaklega með þar sem þetta fyrirkomulag verður tekið upp.

Tilskipun þessi, sem miðar að því að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum að því er varðar orkunýtni katla, verður að fylgja þeirri tilhögun sem komið var á með ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 <sup>(1)</sup> en þar er sérstaklega kveðið á um að samræming laga takmarkist við það að samþykkja tilskipunir á grundvelli 100. gr. EBE-sáttmálans um helstu kröfur sem vörur þurfa að uppfylla er þær koma á markað og að „þessar meginkröfur skuli orðaðar svo skýrt að af þeim leiði bindandi lagaskyldu og að vottunaraðilum sé gert kleift að votta samræmi vöru með hliðsjón af þessum kröfum þegar stöðlum er ekki til að dreifa“.

Með hliðsjón af tilskipun 83/189/EBE <sup>(2)</sup> sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

Með hliðsjón af ákvörðun 90/683/EBE <sup>(3)</sup> um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhfæfingu.

Katla sem uppfylla kröfur um orkunýtni ætti að merkja með CE-merkinu og eftir atvikum setja á þá önnur viðkomandi merki þannig að hægt sé versla með þá og taka þá í notkun hindrunarlaust innan bandalagsins til þeirra nota sem þeir eru ætlaðir.

Með hliðsjón af tilskipun 89/106/EBE <sup>(4)</sup> um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur.

Setja ber kröfur um orkunýtni er hvetji til skynsamlegrar orkunotkunar eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins nr. 90/396/EBE frá 29. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tæki sem brenna gasi <sup>(5)</sup> og þær skulu látnar ná til gaskatla þeirra sem um getur í tilskipun þessari.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í þessari tilskipun, sem er innan ramma SAVE-áætlunarinnar um að stuðla að bættri orkunýtingu innan bandalagsins, er kveðið á um þær kröfur um orkunýtni sem

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 136, 4. 6. 1985, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8; tilskipuninni var síðast breytt með 90/230/EBE (Stjtið. EB nr. L 128, 18. 5. 1990, bls. 15).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 380, 31. 12. 1990, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 15.

gilda skulu um nýja heitavatnskatla sem brenna loftkenndu eldsneyti og hafa nafnarköst á bilinu 4 kW til 400 kW og nefnast hér eftir „katlar“.

##### 2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— *ketill*: búnaður sem settur er saman úr katli og brennara og ætlaður til að flytja varmaorku sem myndast við bruna yfir í vatn,

— *tæki*:

— ketileining sem brennari er tengdur við,

— brennari sem er hannaður til tengingar við ketileiningu,

— *nafnarköst (gefin upp í kW)*: þau hámarkshitunararköst sem framleiðandinn greinir frá og ábyrgist að skilað verði í samfelldri vinnslu með þeirri nýtni sem framleiðandinn gefur upp,

— *nýtni (gefin upp í %)*: hlutfallið milli þess varma sem skilað er í vatnið á tímaeiningu og margfeldis nettó varmagildis við fastan eldsneytisþrýsting og eldsneytisnotkunar á tímaeiningu,

— *hlutaálag (gefið upp í %)*: hlutfallið milli raunafkasta ketilsins meðan hann gengur með hléum eða með minni afköstum en nafnarköstum og sömu nafnarkasta,

— *meðalhiti ketilvatnsins*: meðaltal hitastigs við inntak og úttak ketilsins,

— *hefðbundinn ketill*: ketill sem er hannaður þannig að hægt er að stjórna meðalhita ketilvatnsins,

— *bakhitaketill*: ketill sem hannaður er til að sjá fyrir vatni á miðstöðvarkerfi og settur upp í eldstæði sem hluti af samsettum búnaði sem brennir gasi,

— *lághitaketill*: ketill sem vinnur samfellt við 35 til 40°C heitt inntaksvatn og þéttir hugsanlega gufu við ákveðnar kringumstæður, þar með taldir þéttikatlar sem brenna fljótandi eldsneyti,

— *gaspéttiketill*: ketill sem hannaður er til að þétta stöðugt verulegan hluta af vatnsgufum þeim sem kunna að vera í þeim lofttegundum sem myndast við brunann,

— *ketill til uppsetningar í húbýlum*: ketill með minni nafnarköst en 37 kW, sem á að veita varma frá ytra byrði í herbergi þar sem hann er uppsettur og hefur opið þensluker og veitir heitu vatni með hringrás sem

knúin er af mismun á eðlismassa vatns eftir hitastigi þess. Þessir katlar verða að vera greinilega merktir í þá veru að þeim sé ætlað að vera í hífylum.

### 3. gr.

#### 1. Tilskipun þessi nær ekki til:

- heitavatnskatla sem geta brennt mismunandi tegundum eldsneytis, þar með töldu eldsneyti í föstu formi,
- búnaðar sem hitar vatn samstundis,
- katla sem gerðir eru til að brenna eldsneyti sem hefur verulega frábrugðna eiginleika frá þeim sem algengastir eru í fljótandi og loftkenndu eldsneyti sem eru á markaði (iðnaðargas, lífrænt gas o.s.frv.),
- eldavéla og tækja sem einkum er ætlað að hita það rými sem þau eru uppsett í og meðfram að hita upp miðstöðvarkerfi eða kranavatn,
- tækja með minni nafnafköst en 6 kW með hringrás sem knúin er af mismun á eðlismassa vatns eftir hitastigi þess og er eingöngu ætlað að hita og geyma neyslu- eða kranavatn,
- sérsníðaðra katla.

2. Þar sem um er að ræða katla sem gegna tvenns konar hlutverki, þ.e. að hita húsnæði og sjá fyrir neyslu- eða kranavatni, gilda kröfur þær um orkunýtni sem um getur í 1. mgr. 5. gr. aðeins um hitunarþáttinn.

### 4. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra að tæki og katlar sem fullnægja skilyrðum tilskipunar þessarar verði sett á markað eða tekin í notkun á yfirráðasvæðum þeirra nema um annað sé getið í sáttmálanum, öðrum tilskipunum eða lagaákvæðum bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé unnt að taka katla í notkun sem ekki fullnægja kröfum þeim um orkunýtni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. og skilyrðum fyrir notkun sem aðildarríkin mæla fyrir um á grundvelli veðurfars á hverjum stað og eiginleika bygginganna að því er varðar notkun þeirra og orkuþörf.

3. Þó geta aðildarríki, þar sem bakhitakatlar eða katlar til uppsetningar í hífylum eru víða til staðar þegar tilskipun þessi er samþykkt, haldið áfram að heimila að þeir verði teknir í notkun, enda sé orkunýtni þeirra bæði við nafnafköst og við 30% hlutaálag ekki meira en 4% undir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. fyrir hefðbundna katla.

4. Framkvæmdastjórnin fylgist að staðaldri með hver þróun mála verður í framhaldi af 2. og 3. mgr. og greinir frá niðurstöðum sínum í skýrslu þeirri sem lögð skal fram skv. 10. gr. Með hliðsjón af þessu skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni allar þær upplýsingar sem hún þarfnast svo að hún geti lagt fyrir ráðið þær breytingatillögur sem kveðið er á um í þeirri grein, sem skulu ævinlega miða að því að tryggja betri orkunýtingu og óheft viðskipti með katla innan bandalagsins.

### 5. gr.

#### 1. Katlar verða að uppfylla eftirfarandi kröfur um nýtni:

- við nafnafköst, þ. e. þegar þeir vinna á nafnafköstum,  $P_n$  sem gefin eru upp í kW við 70°C meðalhita ketilvatns,

og

- við hlutaálag, þ.e. þegar þeir vinna við 30% hlutaálag við meðalhita ketilvatns sem er breytilegt eftir gerð ketils.

Kröfur þær um nýtni sem fylgja ber eru settar fram í eftirfarandi töflu:

Ketilgerð	Aflsvið kW	Orkunýtni við nafnafköst		Orkunýtni við hlutaálag	
		Meðalhiti ketilvatns í °C	Krafa um orkunýtni (%)	Meðalhiti ketilvatns í °C	Krafa um orkunýtni (%)
Hefðbundnir katlar	4 til 400	70	$\geq 84 + 2 \log P_n$	$\geq 50$	$\geq 80 + 3 \log P_n$
Lághitakatlar(*)	4 til 400	70	$\geq 87,5 + 1,5 \log P_n$	40	$\geq 87,5 + 1,5 \log P_n$
Þéttikatlar	4 til 400	70	$\geq 91 + 1 \log P_n$	30(**)	$\geq 97 + 1 \log P_n$

(\*) Þar með taldir þéttikatlar sem nota fljótandi eldsneyti.

(\*\*) Hitastig á inntaksvatni.

2. Samhæfðir staðlar er varða kröfur þessarar tilskipunar og samdir verða með umboði frá framkvæmdastjórninni í samræmi við tilskipanir 83/189/EBE og 88/182/EBE <sup>(1)</sup> skulu meðal annars kveða á um tilhögun eftirlits með framleiðslu og mælingum. Hæfileg vikmörk skulu tilgreind þegar kveðið er á um nýtnistig.

6. gr.

1. Samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 7. gr. geta aðildarríkin ákveðið að nota sérstakt kerfi merklinga þannig að auðvelt sé að ganga úr skugga um hver orkunýting viðkomandi ketils er. Þetta á við um katla sem hafa betri orkunýtni en krafist er fyrir hefðbundna katla samkvæmt 1. mgr. 5. gr.

Ef orkunýtni við nafnaköst og við hlutaálag er jafngóð eða betri en krafist er fyrir hefðbundna katla skal viðkomandi ketill hljóta stjórnmerkingu þá sem sýnd er í 2. lið I. viðauka „\*“.

Sé orkunýtni við nafnaköst og við hlutaálag þremur eða fleiri hundraðshlutum betri en krafist er fyrir hefðbundna katla skal viðkomandi ketill hljóta tvö stjórnmerki „\*\*“.

Fyrir hverja þrjá hundraðshluta sem orkunýtni vex eftir þetta skal heimilað að veita enn eitt stjórnmerki „\*“ eins og um getur í II. viðauka.

2. Aðildarríkin mega ekki heimila notkun á neinum öðrum merkingum sem hætta er á að ruglað verði saman við þau merki sem um getur í 1. mgr.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu líta svo á að katlar sem uppfylla samhæfðu staðlana samrýmist helstu kröfum um orkunýtni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. enda hafi tilvísunarnúmer þeirra verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* sem og tilvísunarnúmer þeirra landsstaðla sem beitt er til að hrinda í framkvæmd hinum samræmdu stöðlum. Þannig katlar verða að bera CE-merkið sem vikið er að í 1. lið I. viðauka og jafnframt skal EB-samræmisfirlýsing fylgja þeim.

2. Samræmi fjöldaframleiddra katla skal staðfest með:

— könnun á orkunýtni ketilgerðar samkvæmt einingu B eins og henni er lýst í III. viðauka,

og

— yfirlýsingu um samræmi við viðurkennda gerð samkvæmt einingu C, D eða E eins og þeim er lýst í IV. viðauka.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75.

Samræmistat á orkunýtni katla sem brenna loftkenndu eldsneyti skal vera hið sama og notað er til að sannreyna öryggiskröfur þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/396/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tæki sem brenna gasi.

3. Þegar tæki sem seld eru hvert í sínu lagi koma á markað verður CE-merkið að vera á þeim og þeim skal fylgja EB-samræmisvottorð þar sem fram kemur með hvaða hætti tækið skuli stillt eftir samsetningu til þess að það nái því nýtnistigi sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr.

4. CE-samræmismerkið, sem er til marks um samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og önnur ákvæði um veitingu CE-merkisins sem og áletranir þær er um getur í I. viðauka, skal fest á katlana á áberandi stað, auðlæsilegt og óafmáanlegt. Bannað skal að setja nokkur önnur merki, tákn eða áletranir á slík tæki sem svipar til CE-merkisins í útliti eða skilja má að hafi sömu merkingu.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða aðila þau tilnefna til að leysa af hendi þau störf sem varða þá tilhögun er um getur í 7. gr.; kallast þeir hér eftir „tilkynntir aðilar“.

Framkvæmdastjórnin úthlutar þessum aðilum kenninúmerum og tilkynnir aðildarríkjunum það.

Ráðið gefur út skrá yfir tilkynnta aðila til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* og skal listinn uppfærður með reglulegu millibili.

2. Aðildarríkin skulu miða við lágmarkskröfur þær sem mælt er fyrir um í V. viðauka þegar framangreindir aðilar eru tilnefndir. Aðilar sem teljast fullnægja lágmarkskröfunum í samsvarandi samhæfðum staðli teljast fullnægja þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. Aðildarríki sem tilkynnt hefur um ákveðinn aðila skal afturkalla tilkynninguna komi í ljós að hann fullnægir ekki lengur kröfunum sem frá er greint í 2. mgr. Því ber þegar í stað að tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þetta og afturkalla tilkynninguna.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 1. janúar 1993. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 1994.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar

þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Allt fram til 31. desember 1997 geta aðildarríkin heimilað að tæki sem uppfylla innlendar reglur sem í gildi eru við samþykkt þessarar tilskipunar, verði sett á markað og tekin í notkun á yfirráðasvæðum þeirra.

*10. gr.*

Þremur árum eftir að tilskipun þessi kemur til framkvæmda leggur framkvæmdastjórnin skýrslu fyrir Evrópuþingið og

ráðið um þann árangur sem náðst hefur. Skýrslunni fylgi breytingatillögur við tilskipunina með hliðsjón af áður-nefndum árangri sem og tækniþróunum.

*11. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. maí 1992.

*Fyrir hönd ráðsins,*

Luis MIRA AMARAL

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## SAMRÆMISMERKI OG AÐRAR SÉRMERKINGAR

## 1. Samræmismerki

Samræmismerkið er sett saman úr stöfunum CE eins og sýnt er hér að neðan og einnig síðustu tveimur tölustöfum ártalsins árið sem merkið var sett.

## 2. Aðrar sérmerkingar

Merkið fyrir orkunýtingu, sem veitt er samkvæmt 6. gr. þessarar tilskipunar, er eftirfarandi tákn:

## II. VIÐAUKI

## MERKI FYRIR ORKUNÝTINGU

Kröfur um orkunýtni sem uppfylla skal bæði við nafnaköst og 0,3 Pn hlutaálag

Merki	Orkunýtnikröfur við nafnaköstin Pn og 70°C meðalhita ketilvatns %	Orkunýtnikröfur við 0,3 Pn hlutaálag og ≥ 50°C meðalhita ketilvatns %
*	≥ 84 + 2 log Pn	≥ 80 + 3 log Pn
**	≥ 87 + 2 log Pn	≥ 83 + 3 log Pn
***	≥ 90 + 2 log Pn	≥ 86 + 3 log Pn
****	≥ 93 + 2 log Pn	≥ 89 + 3 log Pn

## III. VIÐAUKI

**Eining B: EB-gerðarprófun**

1. Í þessari einingu er lýst þeim hluta af aðferðinni sem tilkynntur aðili beittir til að ganga úr skugga um og votta að eintak sem er einkennandi fyrir viðkomandi framleiðslu uppfylli viðkomandi ákvæði tilskipunarinnar.
2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila eftir vali framleiðandans.

Umsóknin skal innihalda:

- nafn og heimilisfang framleiðandans og einnig nafn og heimilisfang umboðsmanns leggi hann inn umsóknina,
- skriflega yfirlýsingu um að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjöl eins og lýst er í 3. lið.

Umsækjandinn skal hafa tiltækt fyrir hinn tilkynnta aðila eintak sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um er að ræða, hér eftir nefnt „gerðareintak“. Hinn tilkynnti aðili getur farið fram á að fá fleiri eintök sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir.

3. Tækniskjölín skulu gera kleift að meta samræmi tækis við kröfur tilskipunarinnar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun tækisins og enn fremur sýna:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, samsettum einingum, hringrásum o.fl.,
- lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig tækið vinnur,
- skrá yfir staðla sem um getur í 2. mgr. 5. gr. og beitt er að fullu eða að hluta og lýsingu á þeim lausnum sem valdar hafa verið til að fullnægja grunnkröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
- niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem gerðar hafa verið o.s.frv.,
- prófunarskýrslur.

4. Hinn tilkynnti aðili skal:

- 4.1. rannsaka tækniskjölín, sannprófa að gerðareintakið hafi verið framleitt í samræmi við þau og ganga úr skugga um hvaða hlutar hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem um getur í 2. mgr. 5. gr., svo og hvaða íhlutar hafa verið gerðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla;
- 4.2. þegar stöðlunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. hefur ekki verið beitt, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandinn hefur valið uppfylla grunnkröfur tilskipunarinnar;
- 4.3. þegar framleiðandinn hefur kosið að beita viðeigandi stöðlum, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þeim hefur í raun verið beitt;
- 4.4. semja við umsækjandann um hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skuli fara fram.

5. Uppfylli gerðareintakið viðkomandi ákvæði þessarar tilskipunar skal hinn tilkynnti aðili gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á þá gerð sem hlotið hefur samþykki.

Skrá yfir þau tækniskjöl sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá hinum tilkynnta aðila.

Ef framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu er neitað um gerðarvottorð skal hinn tilkynnti aðili gera ítarlega grein fyrir ástæðum fyrir neituninni.

Kveðið skal á um áfrýjunarreglur.

6. Umsækjandinn skal upplýsa hinn tilkynnta aðila, sem geymir tækniskjölín er varða EB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á hinu samþykta tæki sem þarfnast viðbótarsamþykkis þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi við grunnkröfur eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um. Þetta viðbótarsamþykki er veitt sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.
7. Allir tilkynntir aðilar skulu senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð sem gefin hafa verið út eða afturkölluð og viðbætur við þau.
8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og/eða viðbótum við þau. Viðaukarnir við vottorðin skulu vera tiltæk öðrum tilkynntum aðilum.
9. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal geyma, auk tækniskjala, afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðbótum við það í minnst 10 ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt.

Hafi hvorki framleiðandinn né umboðsmaður hans staðfestu í bandalaginu, hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu.

## IV. VIÐAUKI

**Eining C: Samræmi við gerð**

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi tæki séu í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum þessarar tilskipunar sem við þau eiga. Framleiðandinn skal setja CE-merkið á hvert tæki og gefa út skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggji að framleidd tæki séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og í samræmi við kröfur tilskipunarinnar um orkunýtni.
3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt.  
Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu, hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl til tækja á þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu.
4. Tilkynntur aðili sem framleiðandinn velur skal kanna eða láta kanna vöruna af og til. Fullnægjandi sýni af fullunninni vöru sem hinn tilkynnti aðili tekur á staðnum skulu athuguð og viðeigandi prófanir, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi staðli/stöðlum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til að kanna samræmi framleiðslunnar við kröfur viðkomandi tilskipunar. Ef prófað vörueintak er ekki í samræmi við kröfurnar skal hinn tilkynnti aðili gera viðeigandi ráðstafanir.

**Eining D: Gæðatrygging í framleiðslu**

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi tæki sé í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi kröfum þessarar tilskipunar. Framleiðandinn skal setja CE-merkið á hvert tæki og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja einkennismerki þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirlitinu sem um getur í 4. lið.
2. Framleiðandinn skal nota samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokaskoðun og prófun á fullunnu tæki eins og tilgreint er í 3. lið og vera háður eftirliti eins og um getur í 4. lið.
3. *Gæðakerfi*
  - 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi tækja hjá tilkynntum aðila eftir eigin vali.  
Umsóknin skal innihalda:
    - allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan flokk tækja,
    - upplýsingar um gæðakerfið,
    - tækniskjöl er varða hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.
  - 3.2. Gæðakerfið á að tryggja að viðkomandi tæki séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og þær kröfur þessarar tilskipunarinnar sem við þau eiga.  
Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt.  
Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
    - gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða tækjanna,
    - aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,
    - þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
    - gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsliðsins o.s.frv.
    - hvernig fylgst er með því að tilskilin vörugæði hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

- 3.3. Hinn tilkynnti aðili skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á. Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Hluti af matsverkefnum skal vera matsheimsókn á framleiðslustað.
- Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.
- 3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
- Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
- Hinn tilkynnti aðili skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
- Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.
4. *Eftirlit á ábyrgð hins tilkynnta aðila.*
- 4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykkt gæðakerfi leggur honum á herðar.
- 4.2. Framleiðandinn skal veita hinum tilkynnta aðila aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðakerfið,
  - gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
- 4.3. Hinn tilkynnti aðili skal með jöfnu millibili gera úttekt til að ganga úr skugga um að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa honum úttektarskýrslu.
- 4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt geyma tiltækt fyrir yfirvöld í landinu:
- skjal það sem um getur í öðrum undirlið liðar 3.1,
  - gögn um þær breytingar sem um getur í annari málsgrein liðar 3.4,
  - þær ákvarðanir og skýrslur frá hinum tilkynnta aðila sem um getur í lokamálgrein liðar 3.4 sem og í liðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem veitt hafa verið eða afturkölluð.

#### **Eining E: Gæðatrygging vöru**

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi katlar og tæki séu í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu. Framleiðandinn skal setja CE-merkið á hvern ketil og tæki og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja einkennismerki þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti eins og um getur í 4. lið.
  2. Framleiðandinn skal nota viðurkennt gæðakerfi við lokaskoðun og prófun katla og tækja eins og kveðið er á um í 3. lið. Hann skal vera háður eftirliti því sem um getur í 4. lið.
  3. *Gæðakerfi*
  - 3.1 Framleiðandinn leggur inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi katla og tækja hjá tilkynntum aðila eftir eigin vali.
- Umsóknin skal innihalda:
- allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan flokk katla eða tækja,
  - gögn um gæðakerfið,
  - tækniskjöl er varða hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

- 3.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hver ketill og hvert tæki athugað og gerðar þær prófanir sem fjallað er um í viðeigandi staðli/stöðlum, sbr. 5. gr. eða samsvarandi prófanir til að tryggja að varan samrýmist þeim kröfum í tilskipuninni sem við eiga. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaaætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt. Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,
  - þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða eftir framleiðslu,
  - hvernig fylgst er með því að gæðakerfið sé skilvirkt,
  - gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
- 3.3. Hinn tilkynnti aðili skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2.
- Gert skal ráð fyrir samræmi við kröfurnar, ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á.
- Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Hluti af matsverkefnum skal vera matsheimsókn á framleiðslustað.
- Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.
- 3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
- Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
- Hinn tilkynnti aðili skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
- Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.
4. *Eftirlit á ábyrgð hins tilkynnta aðila.*
- 4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykkt gæðakerfi leggur honum á herðar.
- 4.2. Framleiðandinn skal veita hinum tilkynnta aðila aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðakerfið,
  - tækniskjöl,
  - gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
- 4.3. Hinn tilkynnti aðili skal með jöfnu millibili gera úttekt til að ganga úr skugga um að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum úttektarskýrslu.
- 4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að síðasti ketill eða tæki hefur verið framleitt geyma tiltækt fyrir yfirvöld í landinu:
- skjal það sem um getur í þriðja undirlit liðar 3.1,
  - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein liðar 3.4,
  - þær ákvarðanir og skýrslur frá hinum tilkynnta aðila sem um getur í lokamálsgrein liðar 3.4 sem og í liðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem veitt hafa verið eða afturkölluð.

## V. VIÐAUKI

Lágmarksskilyrði sem aðildarríkin þurfa að taka tillit til þegar aðilar eru tilkynntir

1. Aðilinn, stjórnandi hans eða starfsmenn sem annast sannprófanir mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar eða vinna við uppsetningu tækjanna sem þeir skoða, né heldur viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi þess háttar katla og tækja. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði milli framleiðandans og skoðunaraðilans.
2. Skoðunaraðilinn og starfsmenn hans sem annast sannprófanir skulu gæta þess að þær séu unnar af tæknilegri færni og faglegri ráðvæðni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.
3. Skoðunaraðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem nauðsynlegur er til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast sannprófun; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sannprófanir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:
  - trausta tækni- og fagmenntun,
  - viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,
  - kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem skýra frá niðurstöðum prófananna.
5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum slíkra prófana.
6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins.
7. Starfsmenn aðilans skulu bundnir þagnarskyldu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessa tilskipun eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum um framkvæmd hennar.